

## Reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga Íþróttafélagsins Vestra

20. grein laga Íþróttafélagsins Vestra kveður á um viðurkenningar og heiðursmerki félagsins: „Aðalstjórn veitir viðurkenningu fyrir íþróttarárangur eða störf í þágu félagsins eða íþróttahreyfingarinnar skv. sérstakri reglugerð sem samþykkt er á aðalfundi félagsins.“

### Veiting viðurkenninga

Aðalstjórn gerir tillögu um veitingu heiðursviðurkenninga og ræður einfaldur meirihluti ákvörðun stjórnar. Heiðursviðurkenningarnar skulu einungis afhentar við hátíðlegar athafnir. Aðalstjórn er þó heimilt að breyta út af þessu ef sérstök ástæða er talin til. Aðalstjórn skal halda gerðabók þar sem skrá skal handhafa heiðursviðurkenninga Íþróttafélagsins Vestra.

### Reglur um heiðursfélaga

1. Heiðursfélagi skal hafa náð 60 ára aldri, nema stjórn félagsins geri sérstaka undanþágu.
2. Heiðursfélagi skal hafa starfað fyrir félagið til áratuga.
3. Heiðursfélagar, ásamt maka, fá frítt á alla íþróttaviðburði sem félagið stendur fyrir.
4. Á þeim samkomum sem félagið efnir til og heiðursfélagar eru til staðar, skulu þeir, ásamt mökum, boðnir sérstaklega velkomnir.
5. Heiðursfélaga skal afhent innrammað skrautritað skjal til staðfestingar heiðursfélaganafnbót. Þá skal heiðursfélagi fá afhent kort sem veitir honum, ásamt maka, ókeypis aðgang að íþróttaviðburðum á vegum félagsins.

### Reglur um gullmerki

1. Íþróttafélagið Vestri veitir gullmerki fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Störf fyrir félagið skulu hafa varað í a.m.k. 15 ár og handhafi merkis ekki vera yngri en 40 ára.
2. Gullmerki getur aðeins sá fengið sem áður hefur hlotið silfurmerki félagsins. Aðalstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessari reglu við sérstakar aðstæður.
3. Handhafi gullmerkis þarf ekki að vera félagsbundinn í Vestra.
4. Gullmerki skal afhent við athöfn á vegum Íþróttafélagsins Vestra.

### Reglur um silfurmerki

1. Íþróttafélagið Vestri veitir silfurmerki fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Silfurmerki getur verið veitt fyrir félagsstörf, íþróttaiðkun, ástundun og þjálfun innan félagsins. Merkið er einnig veitt fyrir þátttöku í A-landsleikjum fyrir Íslands hönd og fyrir ástundun til lengri tíma samkvæmt viðmiðum sem deildir félagsins setja. Störf fyrir félagið skulu hafa varað í a.m.k. 10 ár.
2. Handhafi silfurmerkis þarf ekki að vera félagsbundinn í Vestra.
3. Silfurmerki skal afhent við athöfn á vegum Íþróttafélagsins Vestra.

### Reglur um starfsmerki

1. Íþróttafélagið Vestri veitir starfsmerki fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Starfsmerki getur verið veitt fyrir félagsstörf, íþróttaiðkun, ástundun og þjálfun innan félagsins. Merkið er einnig veitt fyrir þátttöku í A-landsleikjum fyrir Íslands hönd og fyrir ástundun til lengri tíma samkvæmt viðmiðum sem deildir félagsins setja.
2. Handhafi starfsmerkis þarf ekki að vera félagsbundinn í Vestra.
3. Starfsmerki Vestra skal afhent við athöfn á vegum Íþróttafélagsins Vestra.

### Gildistími

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og verður einungis breytt á aðalfundi Íþróttafélagsins Vestra.

Þannig samþykkt á aðalfundi íþróttafélagsins Vestra 28. apríl 2025.